

Stjórnarfundur miðvikudaginn 2. September 2015 kl. 13:00

Mætt voru, Sveinn, Eysteinn, Magnús og Vignir. Fundarritari var Hallveig. Forsvarsmenn Ráðgjafarmiðstöðvar Landbúnaðarins þau Karvel Karvelson framkvæmdarstjóri og Gunnfríður Hreiðarsdóttir Fagstjóri í búfjárrækt muna mæta á fundinn á síðari stigum.

Formaður vekur máls á minnkandi áhuga á kynbótasýningum spyr hvernig megi auka áhuga á þeim svo kynningargildi kynbótasýninganna verði. Vignir sagði verðlaunaafhendingu hafa dottið út vegna áhuga- og tímaleysi knapa. Sveinn: skoða þarf á haustfundum, hvort taka eigi þetta upp aftur að verðlauna efstu hrossin og þá að viðkomandi búnaðarfélag sjái um sitt svæði.

Huga þarf að upplýsingamiðlun að lokinni kynbótasýningu hana þarf að bæta og birta þarf upplýsingar um sýningarnar sem fyrst að lokinni sýningu og þarf að ákveða hver hefur það verkefni á sinni hendi.

Ræða þarf aðkomu RML að hrossaræktarráðstefnunni í haust sem og ræða sýningargjöldin fyrir næsta ár.

Karvel og Gunnfríður mættu á fundinn og bauð Sveinn þau velkomin og gaf Karvel orðið:

RML hefur verið að heimsækja stjórnir búgreinafélaga til að kynna sig og fræðast um félögin. 4 starfsmenn sinna hrossaskýrsluhaldinu meðfram öðru sem snýr að skýrsluhaldi búfés. Töluverð umsýsla er í þessu og tekjur alls af kynbótasýningum eru 11 milljónir, útseld þjónusta snýr að DNA, örmerkjum og folaldaskoðunum. 3-5 milljóna halli er á kynbótasýningum á síðustu 2 árum.

Gunnfríður segir óljós skil við erlenda skýrsluhaldið þar sem sá hluti varð eftir hjá B.Í. Kynbótasýningar þarf að skoða með tilliti til ræktunarstarfsins.

Karvel – samdráttur hefur orðið í þátttöku á kynbótasýningum.

Sveinn – benti að á mikill kostnaður fylgi hverju sýndu hrossi og markaður fyrir kynbótahross hafi dregist saman. Áhyggjuefni er ef áhugi á að koma með hross til dóms er að minnka en það mun leiða af sér minnkandi upplýsingar inni ræktunarstarfið í gegnum gagnagrunninn. Hugsanlega gæti eitthverskonar reiðhestamat verið ein leið til að safna inn upplýsingum um afkvæmi.

Karvel – Ef til vill ætti að hafa gjaldskrá breytilega eftir aldri hrossa.

Gunnfríður – Er ekki áriðandi að fá inn yngri hrossin til að meta best framfarir í hrossaræktinni ?

Eysteinn – Verfall MAST hlýtur að hafa haft áhrif á að ekki var mætt með stóðhesta til dóms. Spurði um gjald til dómara.

Gunnfríður – dómurum eru tryggð lágmarkslaun sem gerir það að verkum að minni sýningar eru óhagkvæmari.

Magnús – gagnrýndi það að þegar sýning er slegið af vegna of fárra hrossa þá er kostnaður framleiðanda við að mæta á aðra sýningu orðinn mjög hár.

Karvel – ræða þarf hvaða möguleikar gætu verið í boði, t.d. 2 stórar sýningar á Norðurlandi ?

Gunnfríður – RML er skylt að veita öllum sambærilega þjónustu.

Sveinn – Hvernig sinnir leiðbeiningar og fræðsluhluti RML gæðastýringu í öðrum búgreinum?

Gunnfríður – RML heldur bara utanum skýrsluhaldið. Þjóða upp á ráðgjöf við fóðrun og landgæði. Námskeið eru haldin á vegum MAST varðandi gæðastýringu í kúm og sauðfé.

Sveinn – fjarað hefur undan verkefninu „Gæðastýring í hrossarækt“ þar sem einungis 14 aðilar uppfylla kröfurnar. Gæti RML verið með námskeið um Gæðastýringuna ?

Gunnfríður – RML vill bæta í ráðgjafarhluta sinn en það þarf að vera í samráði við það sem greinin kallar eftir.

Sveinn – lýsti yfir ánægju með fundaðerð þorvaldar Kristjánssonar s.l. vetur, áhugaverð erindi draga að áheyrendur.

Karvel – gjald er tekið fyrir að senda ráðunauta til að halda erindi og RML hefur yfir ákveðnu fjármagni að ráða. Mikill tími fer enn í skýrsluhaldið. RML var sett á stofn til að undirbúa það að Búnaðargjaldið dettur út. RML gæti fengið Búnaðargjaldið áfram þó annað detti út. 1/3 af tekjum RML eru frá Búnaðargjaldinu, en ekki eru allri sem nýta þjónustu RML greiðendur Búnaðargjalds.

Eysteinn – eru engar kröfur gerðar um samræmd sýningarsvæði líkt og gert er erlendis ?

Gunnfríður – verið er að stefna á einhverja samræmingu sýningarstaða.

Karvel og Gunnfríði þakkað fyrir sína aðkomu að fundinum. Allir sammála um að mikilvægt er að efla samstarf og skilning milli rml og FHB og í því sambandi nefnt að funda með árlega.

Kristinn Hugason mætti og fór yfir minnispunkta varðandi mögulegt samstarf eða sameiningu FHB, LH og FT.

Hreyfing hestamanna 2.

Könnun á möguleikum aukins formlegs samstarfs eða sameiningar

Landssamband hestamannafélaga, Félag hrossabænda og Félag tamningamanna hafa ákveðið að ráðast í verkefni þar sem yfirfarið verður skipulag lög og samþykktir þessara samtaka auk rekstrarfyrirkomulags og rekstrarforsendna þeirra með það í huga að greina tækifærin sem gætu falist í auknu formlegu samstarfi eða sameiningu samtakanna.

Megin inntak verkefnisins

- *Taka saman yfirlit um markmið og tilgang núverandi samtaka og á grunni þess þarf að:*
 1. Greina einkenni hverra samtaka fyrir sig; starf þeirra, umfang, fjárhagslegan grundvöll og markhóp inn á við sem út á við.
 2. Greina skörun í starfsemi samtakanna, félagasamsetningu og að hversu miklu leyti sú skörun starfa sem í ljós kemur veldur því að verkefnið verði nákvæmar unnin og að hversu miklu leyti tví- eða þríverknaður er til trafala með einum eða öðrum hætti og veldur töfum og óþarfa kostnaði.
- *Á grundvelli þess sem fyrsta stig rannsóknarinnar leiðir í ljós þarf að kanna hvort:*
 1. Ein samtök myndi öflugri stoð sem lyfti hestamenskunni allri upp?

2. Eða hvort fleiri samtök sem starfi vel saman, jafnvel með auknum samrekstri, dugi betur; þ.e. einskonar dreifsókn.

➤ *Á grundvelli annars stigsins í rannsókninni þarf að taka ákvörðun, annað hvort strax eða eftir því hvað vinna að þriðja fasa verkefnisins leiðir í ljós, um hvers konar tillaga um skipulagsform verði fyrir valinu fyrir hreyfingu hestamanna. Við þá vinnu koma eftirfarandi atriði sérstaklega til athugunar:*

1. Kannaðar verða fjárhagslegar forsendur fyrir samrekstri skrifstofu og einhverju sameiginlegu starfsmannahaldi og hins vegar heildarsameiningu.
2. Lagt verði mat á getu samtakanna, annars vegar í samstarfi og hins vegar sameinuð, til að vera öflugur málsvari greinarinnar og aflvaki nýsköpunar og vaxandi tekjumyndunar bæði til handa þeim sem atvinnurekstur stunda í greininni og fyrir samtökin sjálf. Á sama hátt verði kannað hvort samtökin séu betur hæf til að sinna útbreiðslustarfsemi og hagsmunagæslu í skipulegu samstarfi eða sameinuð.
3. Stjórnarsýsluleg tenging nýrra heildarsamtaka verði sérstaklega könnuð og möguleikar á öflugri stuðningi hins opinbera hvoru tveggja við greinina og rekstur heildarsamtakanna.

Ég held að við ættum að bíða með það að nefna að félagin taki að sér nefnd opinber verkefni – en þá má vel vera að á eitthverjum tímapunkti tökum við umræðu í þá veru og könnum

Jafnframt verði kannað hvort skynsamlegt geti talist og samstaða sé um að heildarsamtök greinarinnar taki við verkefnum sem núna eru hýst annars staðar, s.s. leiðbeiningar og dómsstörf frá RML og WF frá BÍ en hvoru tveggja gæti mjög vel samrýmst ýmsum öðrum verkefnum samtakanna.

Verkátun

Verkið verði unnið jafnt og þétt næstu mánuðina, fundað verði með stjórnnum allra samtakanna í byrjun. Fundir verði síðan með formönnum samtakanna eftir þörfum. Verkefnið verði kynnt á vinnslustigi á formannafundi LH og aðalfundum F. hrb. og FT nú í haust og hlustað eftir sjónarmiðum þátttakenda á fundunum. Verkefnið verði svo kynnt víðar eftir því sem samtökin og starfsmaður verkefnisins ákveða.

Lokaskýrslu verði skilað 1. mars 2016.

Kristinn mun funda með stjórnnum LH og FT á næstunni og í framhaldinu með formönnum félaganna þriggja.

Magnús – gott væri að hafa hringborðsumræður um þetta á aðalfundinum

Kristinn yfirgaf fundinn

Sveinn – varðandi væntanlega fundarferð í haust þá er spurning hvort halda ætti færri fundi, en Magnús og Vignir voru á því að það gengi ekki upp. Fundirnir verða byggðir upp á stuttum erindum og svo umræðum um valin málefni. Farið verður yfir árangur ársins í stuttu en hnitmiðuðu erindi. Athugandi væri að sameina þessa fundi með haustfundum félaganna.

Aðalfundurinn verður haldinn föstudaginn 6. Nóvember og verið er að skoða hvar hrossaræktarráðstefnan verði haldin.

Stefnt er á útgáfu bókarinn Litli-Mósi í tengslum við aðalfundinn og athugað með hvort eigi að fá styrktaraðila með auglýsingar s.s. Icelandair, Samskip og Eimskip.

Rætt um nokkurs konar ræktunarþorp á Landsmótinu og stjórnarmenn munu hitta á Ásgeir Heiðar, framkvæmdastjóra LM í kringum Laufskálaréttarhelgina til að fá upplýsingar um staðsetningu á aðstöðu fyrir ræktunarþorp á LM.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.